**HVERFISRÁÐ LAUGARDALS**

Ár 2018, mánudaginn 28. maí, kl. 16.00 var haldinn 165. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis að Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sigríður Jóhannsdóttir (fyrir Söndru Berg Cepero), Kristín Elfa Guðnadóttir, Elín Engilbertsdóttir og Sigurður Þórðarson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir frá Íbúasamtökum Laugardals, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um stöðu mála varðandi innanhússíþróttaaðstöðu í Laugardal. Afrit af bréfi borgarstjóra til borgarráðs dags. 30. april 2018 um bætta íþróttaaðstöðu og heildarskipulag í Laugardal langt fram til kynningar.

   Ómar Einarsson, sviðsstjóri ÍTR, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 16.12 tekur Sigurður Þórðarson sæti á fundinum.

2. Hverfið Mitt – HM 2018. Samþykkt tillaga um 25 verkefni sem fara í kosningu

- Kl. 16:30 tekur Lilja Jónsdóttir sæti á fundinum.

3. Lagt fram yfirlit yfir umsóknir úr hverfinu í Hverfissjóð Reykjavíkur. Til úthlutunar eru kr. 2.310.000.
   Samþykkt að veita Með oddi og egg ehf styrk kr. 250.000 vegna útgáfu hverfisblaðs.
   Samþykkt að veita Eyrúnu Jóhannsdóttur styrk kr.200.000 vegna hreinsunar í Laugardal.
   Samþykkt að veita Laugarneskirkju styrk kr. 90.000 vegna Laugarnes á Ljúfum nótum.
   Samþykkt að veita Íbúasamtökum Laugardals styrk kr. 600.000 vegna útimarkaðar.
   Samþykkt að veita Björgvin Halldór Björnssyni styrk kr. 300.000 vegna götuhátíðar.
   Samþykkt að veita Clair Janine de Vries styrk kr. 100.000 vegna Tónleika á Langholtsvegi.
   Samþykkt að veita Gesti Pálssyni styrk kr. 50.000 vegna Gefinsdagur í Laugalæk.
   Samþykkt að veita Foreldraþorpinu styrk kr. 200.000 vegna vorfundar.
   Samþykkt að veita Kaffi Laugalæk styrk kr. 320.000 vegna hverfismarkaðar.
   Samþykkt að veita Foreldrafélagi Laugarnesskóla styrk kr. 200.000 vegna 10 ára í tjaldi.

   Lilja Jónsdóttir víkur af fundi undir þessum lið vegna vanhæfis

4. Fram fer umræða um könnun Rannsóknar og greiningar Ungt fólk 2018.

**Fundi slitið kl. 18:00**

Heiðar Ingi Svansson

Sigríður Jóhannsdóttir
Kristín Elfa Guðnadóttir

Elín Engilbertsdóttir